

Aðalfundur Fjármálaeftirlitsins

9. nóvember 2011

Aðalsteinn Leifsson, stjórnarformaður

Uppbygging heilbrigðs fjármálakerfis sem nýtur trausts innanlands og utan er sameiginlegt verkefni Fjármálaeftirlitsins og fjármálafyrirtækjanna - og fleiri opinberra stofnana og hagsmunaaðila.

Það er þekkt leið í vísindum að meta gildi hluta út frá því sem gerist ef þeir bregðast. Hvort sem við beitum þeim mælikvarða eða einhverjum öðrum þá þarf enginn að efast um það gríðarlega mikilvæga hlutverk sem fjármálaþjónusta gegnir í nútímasamfélagi. Virkar fjármálastofnanir eru driffjöður efnahagslífsins og ein af grunnstoðum samfélagsins.

Nýjar mælingar staðfesta það sem við vitum; traust á fjármálakerfinu og á eftirlitsstofnunum, þar með talið Fjármálaeftirlitinu, er mjög lítið. Besta leiðin til að byggja upp traust er að vera traustsins verður. Margt gott hefur verið gert og ég fullyrði að okkur miðar áfram í rétta átt – en þær áskoranir sem enn eru framundan eru vel þess virði að gott fólk leggi hart að sér við að vinna á þeim.

Virt fjármálaeftirlit skapar öryggi og traust á starfsemi og viðskiptum á fjármálamarkaði. Þess vegna er ávinningur fyrir eftirlitsskylda aðila að eftirlitið sé viðurkennt, vandað og skilvirkt.

Hlutverk Fjármálaeftirlitsins er að gæta að því að fjármálafyrirtæki hagi rekstri sínum í samræmi við skyldur sínar gagnvart samfélaginu, sparifjáreigendum og viðskiptavinum. Eftirlitið skal gæta þess að eftirlitsskyldir aðilar fylgi leikreglum sem þeim eru settar með lögum. Við höfum hins vegar lært á Íslandi – rétt eins og í nágrannaríkjunum – að eftirlit með formaskilyrðum laga duga skammt.

Fjármálaeftirlitið verður að byggja að greiningu á mörkuðum, stefnu og starfsemi

fjármálafyrirtækja og það þarf að vera leiðandi í þróun og túlkun viðmiða og reglna.

Stjórnun, áhættustýring og stefna fjármálafyrirtækja þarf að uppfylla innlendar og alþjóðlegar reglur og viðmið. Hins vegar eru takmörk fyrir því hvað reglur sem fela í sér boð og bönn geta megnað gegn óæskilegri hegðun ef aðrir hvatar beina mönnum út af rétttri braut. Þess vegna þarf að huga að fleiri þáttum við skipulag og löggjöf fjármálamarkaðar, svo sem kröfum um að stefna og stjórnunarákvarðanir fjármálafyrirtækja séu opinberar, og að fyrirtækin setji sér sjálf reglur, svo sem um samfélaga ábyrgð, og skuldbindi sig til að fara eftir þeim.

Fyrir um ári síðan kom fram ný stefna Fjármálaeftirlitsins sem Lilja Ólafsdóttir, fyrri formaður stjórnar, kynnti á ársfundi eftirlitsins.

Sú stefna er grunnur allrar starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Það er meginverkefni stjórnar að fylgja stefnunni eftir þannig að hún verði að raunveruleika.

Stefnan byggir á þremur megin stoðum. Sú fyrsta lýtur að fylgja eftir löghlýðni og heilbrigðum viðskiptaháttum á markaði. Önnur stoðin miðar að því að styrkja sjálfstæða mats- og greiningarhæfni eftirlitsins og þriðja stoðið snýr að frumkvæði eftirlitsins að því er varðar faglega umræðu um fjármálamarkaðinn og tryggja gagnsæi í ákvarðanatöku.

Frá því stefna þessi var kynnt hefur verið unnið markvisst að innleiðingu hennar og umbótum innan fjármálaeftirlitsins. Sú vinna byggir á ítarlegum úttektum, bæði erlendra sérfræðinga og sjálfsmati stofnunarinnar. Síðastliðið ár hefur markvisst verið unnið að umbótum og uppbyggingu sem miðar að því að breyta bæði viðfangsefnum og aðferðum eftirlitsins og auka færni starfsmanna eftirlitsins, til þess að mæta sannanlega alþjóðlegum viðmiðum. Eitt af stærstu verkefnum er að bæta verkferla við áhættumat og áform eru uppi um náið samstarf við erlent fjármálaeftirlit í því skyni.

Stjórn Fjármálaeftirlitsins metur þann skilning sem hún hefur notið hjá eftirlitsskyldum aðilum, sem auðveldar og greiðir fyrir umbóta- og uppbyggingaverkefnum stofnunarinnar. Ennfremur hefur stofnunin notið stuðnings frá löggjafavaldinu, fjárveitingavaldinu og framkvæmdavaldinu.

Það er óheppilegt að fjárþörfin til að standa straum af uppbyggingunni er mest nú, þegar umsvif fjármálakerfisins eru í lágmarki. Hins vegar, eins og forstjóri rekur nánar, gera áætlanir okkar ráð fyrir verulega minni fjárþörf þegar árið 2013 og 2014.

Það er mikilvægt að skipulag endurspegli stefnu. Undanfarna mánuði hefur því hópur starfsmanna unnið að tillögum að endurskipulagningu starfseminnar, þannig að skipulag og vinnuferli endurspegli nýjar áherslur. Meðal þess sem lagt er áherslu á í þessari vinnu er aukið vægi greiningar og áhættumats, fleiri vettvangsathuganir og rannsóknir auk virks eftirlits með einstökum fyrirtækjum. Stefnt er að því að ljúka skipulagsbreytingum í næstu viku og verður þær þá kynntar fyrir starfsmönnum, eftirlitsskyldum aðilum og öðrum.

Undanfarið hefur einnig átt sér stað vinna við upplýsingastefnu sem endurspeglar þá miklu áherslu sem stjórnin leggur á faglega umræðu, gagnsæi og samstarf við eftirlitsskylda aðila. Eftirlitsskyldir aðilar kalla eftir auknum samræðum og samstarfi. Á sama tíma áttum við okkur á því að virkt eftirlit þarf að veita leiðbeiningar og vinna þannig að öllum megi vera ljós tilgangur tilmæla og aðgerða eftirlitsins.

Virk upplýsingagjöf og samræður eru grundvöllur trausts á ákvörðunum. Ennfremur stuðla samræður og upplýsingaskipti að aukinni skilvirkni. Við viljum byggja á jákvæðri reynslu af samstarfi við Samtök fjármálafyrirtækja, meðal annars um upplýsingagjöf og gagnaskil. Við eigum ríka sameiginlega hagsmuni í þeim efnum.

Þeir sem lesa stefnu Fjármálaeftirlitsins sjá að eftirlitið ætlar sér að vera virkara, meira greinandi og opnara í upplýsingagjöf. Á sama tíma hefur eftirlitið fengið ný verkefni og nýjar valdheimildir, sem segja má að séu að einhverju marki matskenndar.

Allt orkar tvímælis þá gert er. Sumir telja að eftirlitið hafa vaxið of hratt og jafnvel að það sé orðið of stórt. Aðrir telja hins vegar að eftirlitið sé alls ekki nægilega öflugt og afskipti þeirra ekki næg. Umræða af þessu tagi er mikilvæg og gagnleg ef

og þegar hún byggir á málefnalegum foresendum þar sem við höfum í huga hvaða hagsmuni eftirlitinu er ætlað að vernda.

...

En lítum til framtíðar.

Sú framtíðarsýn sem við hljótum að eiga sameiginlega – eftirlitið og eftirlitsskyldir aðilar - er að hér verði heilbrigt, hagkvæmt og ábyrgt fjármálakerfi sem nýtur trausts, bæði innanlands og utan.

Hvað felur það í sér?

Við blasir að fjármálafyrirtæki þurfa að geta sótt sér fé á alþjóðlegum mörkuðum á eðlilegum kjörum. Nú eru í gildi gjaldeyrishöft og bankarnir fjármagna sig nær algerlega með innistæðum sem njóta ríkisábyrgðar.

Til þess fjármálafyrirtækin geti sótt sér alþjóðlega fjármögnun (eða: fé erlendis frá), þurfa helstu kennitölur í rekstri að vera í lagi. Lánabókin þarf að vera traust, lausafé rúmt og eigið fé til að mæta mögulegum áföllum. Á þessum grunni er hafin vinna, í samstarfi Fjármálaeftirlitsins og fjármálafyrirtækjanna, við að skilgreina viðmið sem mikilvægt er að fyrirtækin uppfylli til að geta þrífist í frjálsu og opnu umhverfi, án gjaldeyrishaft og ríkisábyrgðar á innistæðum.

Augljóslega er lykilatriði að flýta skuldauppgjöri og fækka þeim lánum sem eru í vanskilum. Þar beitir eftirlitið talsvert miklum þrýstingi, sem birtist meðal annars í aðferðum við mat á lánum í vanskilum og aukinni kröfu um eigið fé. Eftirlitið fylgist mjög náið með framgangi við endurskipulagningu útlána og það er rétt er að undirstrika að bankarnir hafa náð verulegum árangri nú þegar og að samstarf við eftirlitsskylda aðila á þessu sviði er gott.

Annað lykilatriði er að koma þeim fyrirtækjum þar sem bankar hafa tímabundið orðið stórir eigendur í hendur aðila á markaði sem eru best til þess fallnir að reka fyrirtækin til langframa. Þarna hefur Fjármálaeftirlitið einnig beitt sér markvisst og sett skilyrði fyrir tímabundnu eignarhaldi og tímafresti til að endurskipuleggja fyrirtækin og setja þau í eðlilegt sölufærlí. Ein af þeim kröfum sem hafa verið gerðar snúa að opinberri birtingu á reikningum þeirra fyrirtækja þar sem bankarnir

eru stórir eigendur. Ég legg áherslu á að þessi vinna fylgir vel skipulögðu ferli þar sem gefnir eru tímafrestrir til að ljúka endurskipulagningu fyrirtækja og setja þau í söluferli.

Markmiðið er að fyrirtækin fari sem fyrst úr eigu bankanna og í hendur framtíðareigenda en jafnframt að eðlileg verðmyndun verði á þessum fyrirtækjum. Það má eflaust gagnrýna ýmislegt í umsýslu bankanna á fyrirtækjum í þeirra eigu og ljóst er að það hefur dregist, stundum úr hömlu, að þeir losi um eignarhald á einstökum fyrirtækjum. Hins vegar hafa þeir í flestum tilvikum gefið Fjármálaeftirlitinu viðhlítandi skýringar á eignarhaldi og lagt fram áætlanir um hvernig það verði losað og á þeim grunni fengið skamma viðbótarfresti. Langflest þeirra 70 fyrirtækja þar sem Fjármálaeftirlitið hefur veitt bönkum tímabundið leyfi til starfsemi eru þegar í slitameðferð. Önnur eru ýmist í endurskipulagningu og undirbúningi sölu eða þegar í söluferli.

...

Þegar horft er aðeins lengra til framtíðar er alþjóðlega virt eftirlit ekki síður mikilvægt til að auka öryggi langtímafjárfesta sem hafa tiltrú á íslensku fjármálakerfi. Sá tími kemur að kröfuhafar taki yfir Íslandsbanka og Arionbanka og/eða leitist við að finna fjárfesta innanlands eða utan. Hvernig sem þessi mál þróast þá reiknum við með að leikreglum verði fylgt og að hagsmunir viðskiptavina, sparifjáreigenda og samfélagsins verði hafðir að leiðarljósi.

...

Að lokum.

Undanfarið ár hafa verið örar breytingar í stjórn Fjármálaeftirlitsins. Lilja Ólafsdóttir hætti sem formaður, Kristín Halldórsdóttir sem varaformaður og Jón Sigurgeirsson sem stjórnarmaður á tímabilinu. Þannig eru allir aðalmenn í stjórn nýir. Auk þess baðst Tryggvi Pálsson lausnar sem varamaður í stjórn nýverið. Við þökkum öllu þessu góða fólki fyrir þeirra framlag.

Ég vona að það verði stöðugleiki í stjórninni á næstu misserum og ég treysti því að samstarfið innan stofnunarinnar og við eftirlitsskylda aðila og aðra sem hagsmuna hafa að gæta í samfélaginu verði áfram gott og gefandi.

Fjármálaeftirlitið er vinnustaður sem hefur gengið í gegnum áföll og miklar breytingar undanfarin ár. Ég vil þakka starfsmönnum sem hafa lagt hart að sér- og mikið gefið af sér- í þeirri uppbyggingarvinnu sem á sér stað. Breyttar áherslur, aukin greiningarvinna, ný vinnubrögð við miðlun upplýsinga og síðan flutningur í nýtt húsnæði þar sem starfsmenn hafa færst í opin rými – ég veit að allt þetta kallar á mikla vinnu og aðlögunarhæfni. Fjármálaeftirlitið hefur tekið upp mánaðarlegar mælingar til að fá fram og nýta viðhorf starfsmanna og það er augljóst að starfsmenn hafa mikinn metnað fyrir hönd stofnunarinnar og þeirra mikilvægu verkefna sem þeim er treyst fyrir.

Við höfum erfitt verkefni- samstarfsverkefni um endurreisn fjármálakerfisins - en megum ekki gleyma því sem vel hefur verið gert og þeim árangri sem þegar hefur náðst.

Það er ekkert skemmtilegra en erfitt verkefni og við höfum allar forsendur til að ná árangri.